

Yfirlit yfir lög og reglugerðir sem tengjast viðmiðum um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla

Heiti sérskóla/sérúrræðis

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

4. gr.

Stjórn og skipulag

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Enn fremur skulu sveitarfélögin hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- eða þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar, sbr. 6. gr. b.

Landinu skal skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar.

Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. 1. mgr. og bera þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélögum er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og framkvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustuna fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt er þeim heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að, svo sem byggðasamlagi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda skv. 2. mgr. á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga um að mynda þjónustusvæði skv. 2. mgr. getur ráðherra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, tekið ákvarðanir um stærð eða mörk þjónustusvæða og eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.]¹⁾

¹⁾L. 152/2010, 4. gr.

Markmið og hlutverk

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

42. gr.

Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

29. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir

gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

16. gr.

Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum

9. gr.

Móttökuáætlun.

Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

10. gr.

Áætlun um stuðning í námi.

Í grunnskólum skal árlega vinna áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á að áætlunin sé samin og felur umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum fagaðila það verkefni í samvinnu við nemendaverndarráð.

Áætlunin skal taka til heildarskipulags náms og stuðnings við nemendur með sérþarfir. Ennfremur skal áætlunin taka til annarrar þjónustu við nemendur með fötlun.

Áætlunin skal grundvölluð á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi.

11. gr.

Sérstakur stuðningur og einstaklingsnámskrá.

Sérstakur stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Gera skal rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um

heildaraðstæður nemanda og athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Námskráin skal reglulega endurskoðuð í samstarfi við foreldra og að höfðu samráði við nemendur eftir því sem við verður komið.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarrád í grunnskólum, nr. 584/2010.

4. gr.

Skipulag sérfræðiþjónustu.

Sveitarstjórn í samráði við skólastjórnendur skipuleggur sérfræðiþjónustu. Um ráðningu sérhæfðs starfsfólks sem henni sinnir fer eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykktum sveitarfélags.

Sveitarfélög geta rekið sérfræðiþjónustu á eigin vegum sem sjálfstæða einingu, innan eða utan skóla, sameinast um slíkan rekstur með öðrum sveitarfélögum eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Þegar um slík þjónustukaup er að ræða skal sveitarstjórn fylgjast með því að sérfræðiþjónusta uppfylli fyrirmæli laga og reglugerða.

Gera skal sérstaklega ráð fyrir rými í leik- og grunnskólum til að veita sérfræðiþjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, stuðnings og þjálfunar, óháð því hver veitir þjónustuna.

Heimilt er að reka sameiginlega sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla.

Nánar skal kveðið á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá leik- og grunnskóla.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

17. gr.

Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.

Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

20. gr.

Innritun í sérskóla eða sérúrræði og útskrift.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði skulu setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Stjórnun

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

7. gr.
Skólastjóri.

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verkswið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, nr. 897/2009.

2. gr.
Foreldrar.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir nám og velferð barnsins.

Foreldrar eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín. Um takmarkanir á upplýsingarétti þeirra fer samkvæmt fyrirmælum 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 9. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá grunnskóla. Um rétt foreldris til upplýsinga fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga nr. 76/2003.

3. gr.
Tilkynningar til foreldra.

Við innritun barns í grunnskóla skulu foreldrar upplýstir um skyldu sína til þess að veita grunnskóla nauðsynlegar upplýsingar um barn sitt. Gefa skal foreldrum kost á að tilgreina sérstaklega nauðsynlegar upplýsingar um börn sín, sem máli skipta fyrir skólagöngu þess.

Hyggist skólastjórnendur afla upplýsinga um dvöl barns í öðrum skóla, eða slíkar upplýsingar hafa fylgt barni úr leikskóla með öðrum hætti en greinir í 1. mgr., skal foreldrum gerð grein fyrir þeim og um rétt þeirra til aðgangs að þeim. Sama á við um aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar sem grunnskóli aflar um barn meðan á skólagöngu þess stendur.

Sé ekki annað ákveðið af hálfu sveitarstjórnar ber skólastjóri ábyrgð á að foreldrum barns sé tilkynnt um upplýsingar sem aflað hefur verið um barn þeirra.

Starfsfólk

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Með *skóla án aðgreiningar* er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Með *sérúrræði* er átt við skólavist sem kallar á málsmeðferð skv. V. og VI. kafla, þ.e. í sérdeildum sem reknar eru innan tiltekinnna grunnskóla, skólavist í sérskóla þar sem slíkt úrræði er til staðar og sjúkrakennslu. Almennur stuðningur við nemendur í kennslustundum telst ekki til sérúrræða í þessum skilningi.

Með *sérkennurum og öðrum fagaðilum* er átt við þá sem hafa sérmenntun til þess að veita sérstakan stuðning í námi og sinna ráðgjöf til umsjónarkennara og annarra grunnskólakennara. Til fagaðila annarra en sérkennara teljast m.a. þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafar og þeir sem starfa við sérfræðiþjónustu skóla og sérfræðistofnanir.

Með *fræðsluyfirvöldum* er átt við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarstjórnir, skólaskrifstofur og hlutaðeigandi skólastjóra.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

8. gr.

Stuðningur - námsumhverfi.

Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda.

Við skipulag stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa skal stuðla að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar. Við sérstakar aðstæður, svo sem vegna dvalar barns á heilbrigðisstofnun eða í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda, skal í því ljósi ákveða hvernig stuðningi verði háttað.

Stuðningi við nemendur með sérþarfir skal sinnt af umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum kennurum eftir því sem við verður komið. Skólastjóri getur jafnframt ráðið aðra aðila til stuðnings nemendum telji hann það nauðsynlegt að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Heimilt er að skipuleggja og meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi að hluta sem nám að höfðu samráði við foreldra og sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Nemendur

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum

4.gr.

Skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Nemendur eiga rétt á:

- a. að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis,
- b. að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs,
- c. að þeir geti nýtt sér viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmál, blindraletur og viðeigandi tækjabúnað, aðlöguð námsgögn, aðstöðu og kennslu til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska.

20. gr.

Innritun í sérskóla eða sérúrræði og útskrift.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði skulu setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

13. gr.

1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.
2. Láta má rétt þennan sæta vissum takmörkunum, en þó aðeins að því marki sem mælt er fyrir í lögum og er nauðsynlegt
 - a) til þess að virða réttindi eða mannorð annarra, eða
 - b) til að gæta öryggis þjóðarinnar eða allsherjarreglu (ordre public), eða heilbrigðis almennings eða siðgæðis.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

7. gr.

Fötluð börn.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við

aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur, börn og veita þeim aðstoð, þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs, til þess að sá réttur megi verða að veruleika.

24. gr.
Menntun

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og ævinámi í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri. Þau skulu miða að því: a) að þroska mannlega eiginleika til fulls og tilfinningu fyrir mannlegri reisn og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og mannlegri fjölbreytni, b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu, c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsum samfélagi.

2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja: a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokað frá gjaldfrjálsum skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi vegna fötlunar, b) að fatlað fólk hafi aðgang að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, til jafns við aðra í þeim samfélögum þar sem það býr, c) að viðeigandi aðlögun sé veitt viðkomandi einstaklingi til þess að þörfum hans sé mætt, d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir gagnlegri menntun þess, e) að árangursríkar, einstaklingsmiðaðar stuðningsaðgerðir séu veittar í umhverfi sem hámarkar hvað mest mögulegan árangur í námi og félagslegan þroska sem aftur samræmist því markmiði að fatlað fólk geti notið menntunar án nokkurrar aðgreiningar.

3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars: a) auðvelda fólki að læra blindraletur, óhefðbundna ritun, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjafraeðslu, b) auðvelda fólki að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls, c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir eða sjónskertir, heyrnarlausir eða heyrnarskertir eða fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.

4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar með talið fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknmáli og/eða blindralettri, og að þjálfar sérfræðinga og starfsfólk sem starfa á öllum stíum menntakerfisins. Fyrrnefnd þjálfun skal meðal annars stuðla að vitund um fötlun og notkun óhefðbundinna leiða til tjáskipta, auk kennsluáðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og ævinámi án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

Foreldrar

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

17. gr.
Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi

sveitarfélags.

Teljji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnarsýslulaga.

Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og með heildarhagsmunum barnsins að leiðarljósi.

Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

13. gr.

Skólavist utan lögheimilssveitarfélags.

Sveitarstjórn, þar sem barn á lögheimili, getur samið við annað sveitarfélag, sem rekur sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla, um að það veiti barni skólavist, óski foreldrar þess. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur um skólavist þess og ætti það þar lögheimili.

Málsmeðferð.

19. gr.

Umsókn foreldra og upplýsingar um úrræði.

Ef foreldrar, skólastjórnendur og sérfræðingar telja að barn fái ekki þjónustu við sitt hæfi með almennu námi í grunnskóla geta foreldrar sótt um sérúrræði innan grunnskóla eða sérskóla sem aðilar telja að veiti barninu þjónustu við hæfi.

Skólar skulu veita foreldrum upplýsingar og ráðgjöf um þau úrræði sem til boða standa vegna sérþarfa barns.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum

9. gr.

Móttökuáætlun.

Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

11. gr.

Sérstakur stuðningur og einstaklingsnámskrá.

Sérstakur stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Gera skal rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Námskráin skal reglulega endurskoðuð í samstarfi við foreldra og að höfðu samráði við nemendur eftir því sem við verður komið.

16. gr.
Kennsluráðgjöf.

Einstakir sérskólar og grunnskólar sem annast sérúrræði geta veitt leiðbeiningar og kennsluráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra innan sveitarfélags eða á landsvísu vegna náms og kennslu nemenda með sérþarfir.

Fræðslufirvöld hafa samstarf um þá ráðgjöf sem hér um ræðir og gera samninga um framkvæmd hennar.

17. gr.
Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.

Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

19. gr.
Umsókn foreldra og upplýsingar um úrræði.

Ef foreldrar, skólastjórnendur og sérfræðingar telja að barn fái ekki þjónustu við sitt hæfi með almennu námi í grunnskóla geta foreldrar sótt um sérúrræði innan grunnskóla eða sérskóla sem aðilar telja að veiti barninu þjónustu við hæfi.

Skólar skulu veita foreldrum upplýsingar og ráðgjöf um þau úrræði sem til boða standa vegna sérþarfa barns.

20. gr.
Innritun í sérskóla eða sérúrræði og útskrift.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði skulu setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

21. gr.
Ágreiningur um skólavist.

Verði ágreiningur um skólavist barns eða sérúrræði því til handa skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmunum barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Takist ekki að leysa málin með sameiginlegri niðurstöðu ber skólastjóra grunnskóla að taka ákvörðun í málinu í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla.

Skólastjóri getur synjað umsókn foreldra um skólavist fyrir barn í sérúrræði innan skólans eða í sérskóla. Ákvörðun um synjun verður ekki tekin nema á grundvelli metinna sérþarfa viðkomandi barns og að teknu tilliti til afstöðu foreldra og nemanda til málsins og álitsgerða sérfræðinga. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Í þeim

tilvikum skal ávallt liggja fyrir hvaða sérskóli eða sérúrræði standa nemanda til boða. Áður en skólastjóri tekur endanlega ákvörðun skal liggja fyrir álit nemendaverndarráðs og sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

17. gr.

Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álit sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

47. gr.

Kæruheimild.

Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kæránlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar, og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kæránlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags fer að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

21. gr.

Ágreiningur um skólavist.

Verði ágreiningur um skólavist barns eða sérúrræði því til handa skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álit sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Takist ekki að leysa málin með sameiginlegri niðurstöðu ber skólastjóra grunnskóla að taka ákvörðun í málinu í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla.

Skólastjóri getur synjað umsókn foreldra um skólavist fyrir barn í sérúrræði innan skólans eða í sérskóla. Ákvörðun um synjun verður ekki tekin nema á grundvelli metinna sérþarfa viðkomandi barns og að teknu tilliti til afstöðu foreldra og nemanda til málsins og álitstærða sérfræðinga. Gefa skal foreldrum kost á að

hafa áhrif á val á sérfræðingum. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Í þeim tilvikum skal ávallt liggja fyrir hvaða sérskóli eða sérúrræði standa nemanda til boða. Áður en skólastjóri tekur endanlega ákvörðun skal liggja fyrir álit nemendaverndarráðs og sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins.

22. gr.

Kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ákvörðun skólastjóra skv. 21. gr. er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla. Við meðferð kærumáls er ráðuneytinu heimilt að afla sér álits sérfræðinga. Ráðuneytið getur í úrskurði sínum mælt nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

Á meðan mál er óútkljáð skal skólanefnd tryggja nemanda viðeigandi kennsluúrræði.

Námsumhverfi

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum

3. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að nemendur:

- a. fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra,
- b. fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- c. geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- d. hafi jöfn tækifæri í grunnskólum í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna og fatlaðra.

4. gr.

Skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Nemendur eiga rétt á:

- a. að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis,
- b. að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs,
- c. að þeir geti nýtt sér viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmál, blindraletur og viðeigandi tækjabúnað, aðlöguð námsgögn, aðstoðu og kennslu til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska.

Rekstur

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

5. gr.
Sveitarfélög.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar. Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

18. gr.
Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar gerir sveitarstjórn ráð fyrir fjárveitingum til kennslu nemenda með sérþarfir í grunnskólum. Fjármagni sem ákveðið er með þessum hætti skal varið til kennslu í grunnskólum, kennslu í sérúrræðum innan grunnskóla og ráðgjafar við skóla. Þá skal gert ráð fyrir fjárveitingum til annarra starfa vegna stuðnings við nemendur með sérþarfir eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar, þ.m.t. til sjúkrakennslu.

Í þeim sveitarfélögum sem reka sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla, skv. 42. gr. laga um grunnskóla, skal sveitarstjórn enn fremur gera ráð fyrir fjárveitingum til kennslu.

Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga ber einnig að gera ráð fyrir því að það standi straum af viðbótarkostnaði við skólagöngu barns með sérþarfir sem stundar nám í öðru sveitarfélagi. Við uppgjör þess kostnaðar er heimilt að nota viðmiðunarreglur sem Samband íslenskra sveitarfélaga setur um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

33. gr.
Tómstundastarf og lengd viðvera.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir lengda viðveru utan daglegs kennslutíma og tómstundastarf samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kæránlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

15. gr.

Kennsla og lengd viðvera í sérskólum og sérúrræðum

Í sérskólum og sérúrræðum innan grunnskóla skulu nemendur fá kennslu skv. 2., 24. og 25. gr. laga um grunnskóla. Sveitarstjórn getur ákveðið að jafnframt bjóðist önnur þjónusta, svo sem lengd viðvera utan daglegs kennslutíma, óski foreldrar þess. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald vegna slíkrar þjónustu, sbr. 33. gr. laga um grunnskóla.

Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009.

3. gr.

Fyrirkomulag - akstursáætlun.

Sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn skólanefndar, reglur um fyrirkomulag skólaaksturs er taki m.a. mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, aldri þeirra, samsetningu nemendahóps og umhverfisaðstæðum. Sveitarstjórn er heimilt að skipuleggja akstursleiðir skólabifreiða með tilliti til staðsetningar skóla í sveitarfélaginu.

Skólanefnd skal fyrir upphaf hvers skólaárs birta endurskoðaða áætlun um skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráðum og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg.

4. gr.

Um skipulag skólaaksturs.

Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Sveitarfélag getur í reglum, sbr. 1. mgr. 3. gr., sett almenn viðmið um skipulag skólaaksturs.

Séu umhverfisaðstæður með þeim hætti að ekki er ástæða til að óttast um öryggi og velferð nemenda er heimilt að skipuleggja skólaakstur með þeim hætti að skólabifreið aki samkvæmt áætlun og stöðvi á tilgreindum biðstöðvum. Heimilt er að nýta almenningssamgöngur til skólaaksturs þar sem það á við.

Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að lögbundnum skóladegi lýkur. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Sveitarstjórn er heimilt að semja við foreldra um þátttöku þeirra í skólaakstri. Í slíku samkomulagi skal kveðið á um heimildir til uppsagnar samkomulagsins. Við uppsögn fer um skólaakstur samkvæmt reglum þessum og fyrirmælum sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla

Ráðgjöf og kennslufræðileg þjónusta

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

42. gr.

Sérúrræði.

Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

16. gr.
Kennsluráðgjöf.

Einstakir sérskólar og grunnskólar sem annast sérúrræði geta veitt leiðbeiningar og kennsluráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra innan sveitarfélags eða á landsvísu vegna náms og kennslu nemenda með sérþarfir.

Fræðsluyfirvöld hafa samstarf um þá ráðgjöf sem hér um ræðir og gera samninga um framkvæmd hennar.